

## Úthlutunarreglur

### **1.gr. verður sem hér segir að:**

a-liður 1 gr. breytist þannig:

*Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4 gr. laga nr. 116/2006 eða frístundaveiðileyfa skv. 2.tl. 4 mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.*

c- liður breytist þannig:

*Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í sveitarfélaginu 1. júlí 2016. Miðað skal við lögheimili einstaklinga skv. , þjóðskrá og heimilisfang lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.*

### **4. gr. breytist og verður sem hér segir:**

*Skipting þess aflamarks sem kemur til sveitarfélagsins, auk þess aflamarks sem kanna að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðruleyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2-3 gr., eftir því sem við á, á þann veg að:*

#### **10%**

*Af úthlutuðum byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps, auk þess aflamarks sem kanna að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og eru með frístundaveiðileyfi.*

#### **45%**

*Af úthlutuðum byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps, auk þess aflamarks sem kanna að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal skipt jafnt á þá báta sem landað hafa sínum afla fiskveiðiaríð 2015-2016 í Tálknafirði og hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar.*

#### **45%**

*Af úthlutuðum byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps, auk þess aflamarks sem kanna að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, af byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps skal skipt í hlutfall við landaðan afla á fiskveiðiarinu 2015 -2016.*

### **6. gr. breytist og verður sem hér segir:**

*Að ákvæði 1. málsl. 1.mgr. 6.gr. reglugerðarinnar breytist og verður sem hér segir: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðalagsins, þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.*